

Reglur Garðabæjar um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila við trúar- og lífsskoðunarfélög

1. Leggja ber áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í fjölmenningsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.

Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.

Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.

2. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristinnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.

Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og framhaldsskóla þar sem það á við.

3. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Um almenna kynningu eða auglýsinga á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

5. maí 2015

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.